



851. fundur stjórnar GSÍ, 14. ágúst 2014, kl.17:00 á skrifstofu GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Rósa Jónsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Eggert Sverrisson, Theódór Kristjánsson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Gylfi Kristinsson og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

2. Mótahald í sumar

Hörður fór fyrir þátttöku kylfinga á mótum í sumar. Ágæt þátttaka hefur verið á flest mót sumarsins og hafa t.d. aldrei fleiri kylfingar tekið þátt í Íslandsmótinu í högggleik í kvennaflokki. Þá hefur góð þátttaka verið á Íslandsbankamótaröð unglunga í sumar en aðeins hefur dregið úr þátttöku á Áskorendamótaröðinni.

Þá var rætt um þátttöku og fjölda móta á Eimskipsmótaröðinni og því vísað til mótanefndar að meta á nýjan leik hver fjöldi móta eigi að vera og eins hvort ástæða er til að fækka keppendum á mótunum.

3. Íslandsmótið í högggleik, sjónvarpsútsending

Íslandsmótið tókst mjög vel og var framkvæmd þess til fyrirmyndar. Mjög gott veður var keppnisdagana og skor keppenda í samræmi við það. Birgir Leifur Hafþórsson GKG varð Íslandsmeistari karla og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir GR Íslandsmeistari kvenna.

Bein útsending var á RÚV frá mótinu tvo síðustu keppnisdagana og var góður rómur gerður af útsendingunni.

4. Sveitakeppnir unglunga og eldri kylfinga

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeim sveitakeppnum sem framundan eru, en leikið verður á sex völlum dagana 22. til 24. ágúst næstkomandi.

Í flokki eldri kylfinga er nú keppt eftir nýrri reglugerð og hefur bæði verið fjölgað í sveitum og leikjum fjölgað. Þessi breyting var samþykkt í stjórn í



apríl s.l. samkvæmt tillögum frá Landsamtökum eldri kylfinga og verður fróðlegt að fylgjast með hvernig til tekst með þá breytingu sem gerð var.

Fjöldi sveita er svipaður og undanfarin ár. Þannig verður keppt í 1. og 2. deild karla og eru 8 lið í hvorri deild, en 2 lið skráðu sig til þátttöku í 3. deild. Samkvæmt reglugerð þurfa a.m.k. 3 lið að vera skráð til keppni til að forsenda sé til að halda deildina. Í kvennaflokki er keppt í 1. og 2. deild og eru 12 lið skráð til keppni í kvennaflokki.

Í sveitakeppni barna- og unglunga er keppt á þremur völlum, piltar 16-18 ára keppa á Þorlákshafnarvelli og eru 15 sveitir skráðar til keppni. Í flokki drengja 15 ára og yngri eru einnig 15 sveitir skráðar til leiks og keppa þeir á Selsvelli á Flúðum.

Í stúlknaflökki er keppt í Öndverðarnesvelli og eru 5 sveitir skráðar til leiks í hvorum flokki 15 ára og yngri og 16-18 ára.

Forseti hvatti stjórnarmenn til að sækja mótin, taka virkan þátt í störfum mótanefndar og fylgjast með okkar bestu kylfingum.

#### 5. Skiplag stefnumótunarvinnu

Eggert fór yfir skipun þeirra vinnuhópa sem kynntir hafa verið á fundum stjórnar fyrr í sumar. Samþykkt að beina því til klúbbanna að tilnefna fulltrúa í vinnuhópana og framkvæmdastjóra falið að senda klúbbunum upplýsingar um fyrirkomulag stefnumótunarinnar og hvetja þá til að tilnefna fulltrúa í hvern hóp.

#### 6. Golf.is, uppfærslur og þróun

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á golf.is með nýrri uppfærslu. Um er að ræða færslu á félagahluta kerfisins undir golf.is og þar með skilja kerfið að öllu leyti frá Felixsport sem er gagnagrunnur ÍSÍ. jafnframt er tilbúinn nýr kerfishluti sem er ætlaður sem viðbót við rástímaskráningu kerfisins.

Uppfærslan gekk ekki alveg nógu vel og urðu verulegar rekstrartruflanir á kerfinu á meðan á þeim stóð. Því miður voru rekstrartruflanirnar of lengi og kom það niður á þjónustu klúbbanna við félagsmenn sína.



Rætt var um að haga uppfærslum með þeim hætti að sem minnstar truflanir verði á þjónustu við klubbanna og nýjungar settar inn á þeim tíma þegar notkun kerfisins er í lágmarki þ.e. yfir veturinn.

#### 7. Verkefni afrekskylfinga

Framkvæmdastjóri gerði stuttlega grein fyrir helstu verkefnum afrekskylfinga í sumar. Hæst bar árangur piltalandsliðsins sem náði að halda stöðu sinni í A deild Evrópukeppninnar. Karlaliðið keppti í Finnlandi en náði ekki markmiðum sínum.

Þá hafa margir kyflingar tekið þátt í hinum ýmsu mótum með stuðningi GSÍ og m.a. léku Haraldur Franklín Magnús GR og Ragnar Már Garðarsson GKG á Evrópukeppni einstaklinga á Írlandi.

Framundan er þátttaka kvennalandsliðsins á Heimsmeistaramóti kvenna sem fram fer í Japan í byrjun september. Fjórir kyflingar keppa á Brabants Open í Hollandi, þá keppa sex kyflingar á Skandia Youth í september svo eitthvað sé nefnt.

#### 8. Undirbúningur fyrir formannafund

Rætt um staðsetningu Formannafundar 8. nóvember n.k. Samþykkt að stefna að því að halda fundinn á Vesturlandi og framkvæmdastjóra falið að skoða hvort möguleiki sé að halda fundinn á Hótel Hamri í Borgarnesi.

#### 9. Samningar við samstarfsaðila

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi samninga við samstarfsaðila. Fjárhagsnefnd hefur rætt um málið og er henni falið að vinna að nýjum samningum.

#### 10. Forskot - Afrekssjóður

Forskot Afrekssjóður, hefur kynnt úthlutun sína fyrir árið 2014 og eru 5 kyflingar styrktir til að taka þátt í verkefnum erlendis. Stærstu styrkina fá Birgir Leifur Hafþórsson GKG, Ólafur Björn Loftsson og Valdís Þóra Jónsdóttir GL en auk þeirra fá Ólafía Þórunn Kristinsdóttir GR og Axel Bóasson GK styrk úr sjóðnum. Þessir kyflingar ætla allir að taka þátt í úrtökumótum fyrir Evrópumótaraðirnar í haust.



11. Fræðslumál, útgáfa bæklinga

Lagt fram handrit af fræðsluefni sem ætlunin er að gefa út í haust. Handrit er komið að fræðsluefni þar sem farið er í grunnatriði golfíþróttarinnar og eins er ætlunin að gefa út efni um uppbyggingu barna- og unglingastarfs í golfklúbbum. Stefnt er að því að bæklingarnir verði tilbúnir á haustmánum. Forseti lagði áherslu á að undirbúningsvinna fyrir Skólagolf hæfist sem fyrst með það fyrir augum að hefjja verkefnið að komandi skólaári.

12. Laganefnd

Samþykkt að Hörður Geirsson alþjóðadómari taki sæti í laganefnd.

13. Önnur mál

Theódór tilkynnti stjórn að vegna mikilla anna sæi hann sér ekki fært að sinna formennsku í afreksnefnd af þeirri alúð sem starfið krefst. Þaðst hann því lausnar og féllst stjórnin á það. Forseta var falið að finna nýjan formann nefndarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:17.